

## 4. bekkur

### Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

**Kennarar:** Steinunn Ýr Jónsdóttir og Valdís Lilja Andréasdóttir

**Nemendur:** 40

#### Menntagildi námsgreinar:

Í upplýsinga- og tæknimennt felst miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Eins og fram kemur í Aðalnámskrá grunnskóla er megin tilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Hver nemandi þarf markvissa þjálfun í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Í Heiðarskóla er upplýsinga- og tæknimennt alla jafna kennd í gegnum aðrar námsgreinar og má því sjá þau viðfangsefni og markmið þeirra í bekkjarnámskrám annarra greina.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögum þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Vinnulag og vinnubrögð	<b>Nemandi getur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,</li><li>sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn,</li><li>beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu,</li><li>gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Vinna í töluveri/Ipad kennslu í einstaklings- og hópavinnu í tengslum við</li></ul>

<b>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,</li> <li>nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> </ul>	<p>verkefnavinnu í öðrum námsgreinum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ýmsir vefir eða forrit eru notuð til að efla skilning nemenda á námefninu almennt t.d við hugarrekning og stafsetningu.</li> </ul>	
<b>Tækni og búnaður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað forrit við einföld ritunarverkefni.</li> </ul>		
<b>Sköpun og miðlun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað forrit / hugbúnað við miðlun þekkingar á einfaldan hátt,</li> </ul>		
<b>Siðferði og öryggismál</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra,</li> </ul>		
<b>Lykilhæfni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>leitað og sótt gagnlegar upplýsingar úr ólíkum miðlum,</li> <li>sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og gert sér grein fyrir gildi ábyrgrar netnotkunar.</li> </ul>		
<b>Kennslugögnum:</b> Word og ýmsir vefir og leikir af mms.is			
<b>Námsmat:</b> Leiðsagnarmat. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.			